

Textar fyrir morgunsöng

Vegbúi

Lag og texti: KK

Þú færð aldrei að gleyma
þegar ferðu á stjá
þú átt hvergi heima
nema veginum á.

Með angur í hjarta
og dirfskunnar móð
þú ferð þína eigin
ótroðnu slóð.

Vegbúi, sestu mér hjá
segðu mér sögur
já, segðu mér frá
þú áttir von nú er vonin farin á brott
flogin í veg.

Eitt er að dreyma
og annað að þrá.
Þú vaknar að morgni
veginum á.

Vegbúi, sestu mér hjá
segðu mér sögur
já, segðu mér frá
þú áttir von nú er vonin farin á brott
flogin í veg.

Ég veit þú kemur

Lag: Oddgeir Kristjánsson

Texti: Ási í Bæ

Ég veit þú kemur í kvöld til mín
þó kveðjan væri stutt í gær
ég trúi ekki á orðin þín
ef annað segja stjórnur tvær

Og þá mun allt verða eins og var
sko áður en þú veist, þú veist
og þetta eina sem út af bar
okkar á milli í friði leyst

Og seinna þegar tunglið
hefur tölt um langan veg
þá tölum við um drauminn
sem við elskum þú og ég

Ég veit þú kemur í kvöld til mín
þó kveðjan væri stutt í gær
og trúi ekki á orðin þín
ef annað segja stjórnur tvær

Og seinna þegar tunglið
hefur tölt um langan veg
þá tölum við um drauminn
sem við elskum þú og ég

Ég veit þú kemur í kvöld til mín
þó kveðjan væri stutt í gær
og trúi ekki á orðin þín
ef annað segja stjórnur tvær

Litla flugan

Lag: Sigfús Halldórsson

Texti: Sigurður Elfsson

Lækur tifar létt um máða steina.
Lítill fjóla grær við skriðufót.
Bláskel liggur brotin milli hleina.
Í bænum hvílir íturvaxin snót.

Ef ég væri orðin lítill fluga,
ég inn um gluggann þreytti flugið mitt,
og þó ég ei til annars mætti duga,
ég eflaust gæti kitlað nefið þitt.

Lækur tifar létt um máða steina.
Lítill fjóla grær við skriðufót.
Bláskel liggur brotin milli hleina.
Í bænum hvílir íturvaxin snót.

Ef ég væri orðin lítill fluga,
ég inn um gluggann þreytti flugið mitt,
og þó ég ei til annars mætti duga,
ég eflaust gæti kitlað nefið þitt.

Í síðasta skipti

Lag: Ásgeir Orri Ásgeirsson, Pálmi Ragnar Ásgeirsson, Sæþór Kristjánsson og StopWaitGo

Texti: Ásgeir Orri Ásgeirsson, Friðrik Dór, Pálmi Ragnar Ásgeirsson, Sæþór Kristjánsson og StopWaitGo

Ég man það svo vel.
Manstu það hvernig ég sveiflaði þér.
Fram og tilbaka í örmunum á mér.
Ég man það, ég man það svo vel.
Því þessar minningar, minningar kvelja mig, kvelja mig.
Gerðu það, leyf mér að leiða þig.

Í síðasta skipti.
Haltu í höndina á mér og ekki sleppa.
Sýndu mér aftur hvað er að elska.
Og o-o-o-o.
Segðu mér.
Að þú finnur ekkert og enga neista.
Og slokknað í þeim glóðum sem brunnu heitast.
Þá rata ég út.

Ég man það svo vel.
Manstu það hvernig þú söngst alltaf með.
Hver einasta bílferð sem tónleikar með þér.
Ég man það, ég man það svo vel.
Því þessar minningar, minningar kvelja mig, kvelja mig.
Gerðu það, leyf mér að leiða þig.

Í síðasta skipti.
Haltu í höndina á mér og ekki sleppa.
Sýndu mér aftur hvað er að elska.
Og o-o-o-o.
Segðu mér.
Að þú finnur ekkert og enga neista.
Og slokknað í þeim glóðum sem brunnu heitast.
Þá rata ég út.